

## FORSETAÚRSKURÐUR

um breytingu á forsetaúrskurði nr. 120/2018, um skiptingu starfa ráðherra,  
með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS  
*gjörir kunnugt:*

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga um Stjórnarráð Íslands, forsetaúrskurðar um skiptingu Stjórnarráðs Íslands í ráðuneyti og forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands er hér með gerð eftirfarandi breyting á forsetaúrskurði nr. 120/2018, um skiptingu starfa ráðherra, með síðari breytingum.

1. gr.

Við bætist ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. fer Guðmundur Ingi Guðbrandsson með stjórnarmálefni sem heyra undir heilbrigðisráðuneytið og ber embættistítilinn heilbrigðisráðherra, um stundarsakir, meðan fjarvera Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra, af persónulegum ástæðum, varir.

2. gr.

Forsetaúrskurður þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 7. október 2020.*

**Guðni Th. Jóhannesson.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Katrín Jakobsdóttir.*